Fundur stjórnar LS haldinn
16. og 17. júlí 2014

Ályktun um makrílveiðar smábáta

Stjórn LS skorar á stjórnvöld að aflétta öllum veiðitakmörkunum af færaveiðum smábáta á makríl.

Stjórn Landssambands smábátaeigenda er þeirrar skoðunar að það stríði gegn allri sanngirni að binda kvótasetningu í makríl aflahlutdeild sbr. ákvæði 9. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Ákvæðið var sett inn í lög um stjórn fiskveiða fyrir aldarfjórðungi og tók á engan hátt tillit til deilistofna. Stjórn Landssambands smábátaeigenda lýsir fullum stuðningi við þá túlkun stjórnvalda að kvótasetning á makríl í aflahlutdeild sbr. ákvæði 9. gr. sé enn ekki orðið virkt.

Stjórn LS telur að enn hafi ekki myndast samfelld aflareynsla á makríl þar sem einn útgerðarhópur hefur ekki haft tækifæri til veiðanna vegna göngumynsturs makrílsins. Það getur ekki talist eðlileg túlkun að þeir einir fái heimildirnar sem veiða yst í lögsögunni, þegar ljóst er að tegundin er nú fyrst að nema land á veiðisvæðum smábáta inni á flóum og fjörðum.